

Fimmtudaginn 13. nóvember 1997.

Nr. 459/1997. **Ákærvaldið**

gegn

**Ólafi Hannesi Hálfðánarsyni**

(Kristinn Bjarnason hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhaldsvist.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 8. nóvember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 11. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 8. nóvember sl., þar sem hafnað var kröfu varnaraðila um breytingar á tilhögun gæsluvarðhaldsvistar hans, að öðru leyti en því, að fallist var á, að fjölmiðlabann félli niður. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili féll frá kæru sinni 12. nóvember sl. og lætur málið ekki til sín taka fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili skaut úrskurði héraðsdóms fyrir sitt leyti til Hæstaréttar með kæru 10. nóvember sl. Krefst hann þess, að um gæsluvarðhaldsvist sína gildi almenn skilyrði a- til f-liðar 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991.

Varnaraðili hefur frá upphafi gæsluvarðhaldsvistar 3. október 1997 sætt einangrun, heimsóknarbanni, bréfaskoðun og fjölmiðlabanni. Af gögnum málsins verður séð, að 28. október sl. var samþykkt nokkur tilslökun á heimsóknarbanni gagnvart varnaraðila.

Samkvæmt gögnum málsins er rannsókn þess lokið, og hefur það verið sent ríkissaksóknara til ákvörðunar um saksókn. Hafa varnaraðili og annar sakborningur í málinu gefið skýrslu um atvik málsins fyrir dómi. Að þessu gættu hefur sóknaraðili ekki fært fram viðhlítandi rök fyrir því, að varnaraðila verði áfram gert að sæta þeim takmörkunum í gæsluvarðhaldsvist, sem gilt hafa til þessa, enda er unnt að haga vistinni þannig, að samgangur verði ekki á milli varnaraðila og þess, sem er einnig borinn sökum í málinu. Verða þessar takmarkanir því felldar niður.

Felldar eru niður framangreindar takmarkanir, sem varnar- aðili, Ólafur Hannes Hálfðánarson, hefur sætt í gæsluvarð- haldsvist.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 8. nóvember 1997.**

Fyrir liggur sú krafa gæslufangans Ólafs Hannesar Hálfðánarsonar, að breyting verði gerð á því fyrirkomulagi gæsluvarðhaldsins, sem mælt var fyrir um í úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 3. október sl. Í þeim úrskurði er honum gert að sæta algerri einangrun. Krafist er úr- skurðar réttarins um kröfu þessa á grundvelli 75. gr., sbr. 3. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 6. tl. 107. gr. laga nr. 92/1991.

Kröfur gæslufangans Ólafs Hannesar eru þær aðallega, að algerri ein- angrun ljúki og að um gæsluna gildi almenn skilyrði a- til f- liðar 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991. Til vara er þess krafist, að fjölmiðlabanni verði aflétt. Af hálfu rannsóknara er kröfum þessum með öllu hafnað og þess krafist, að fyrirkomulag gæsluvarðhaldsins standi óbreytt.

Samkvæmt upphafsákvæði 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 179/1992 um gæsluvarðhaldsvist, skulu gæslufangar sæta þeirri meðferð, sem nauðsynleg er, til þess að gæslan komi að gagni og góð regla haldist í gæslunni, en varast skuli að beita gæslufanga hörku eða harðýðgi. Af ákvæði þessu leiðir, að hafa ber að leiðarljósi grundvallar- sjónarmið um meðalhóf við meðferð gæslufanga. Þannig verða að liggja fyrir knýjandi rannsóknarhagsmunir, til að heimilt sé að láta gæslufanga sitja í algerri einangrun, sbr. b-lið 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991 og 1. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 179/1992.

Samkvæmt 1. mgr. 77. gr. laga nr. 19/1991 ber rannsóknara að senda ríkis- saksóknara rannsóknargögn, ef hann telur, að rannsókn sé lokið og þau gögn komin fram, sem leitt geti til saksóknar, nema rannsóknari megi sjálf- ur höfða mál samkvæmt 28. gr. sömu laga. Í ljós er leitt, að rannsóknargögn í máli gæslufangans Ólafs Hannesar Hálfðánarsonar hafa nú verið send ríkissaksóknara til ákvörðunar um saksókn. Dómurinn telur þó, að líta þurfi til þess, að sterkur grunur er um þátt gæslufangans Ólafs Hannesar og annars gæslufanga í broti því, sem til rannsóknar er. Sýnt þykir, að brýnir rannsóknarhagsmunir réttlæti framlengingu einangrunarvistar gæslu- fangans Ólafs Hannesar, enda ber að fallast á með rannsóknara, að nauð- synlegt sé að takmarka með öllu samgang sakborninganna, eins og máli þessu er nú háttað. Verður því eigi fallist á aðalkröfu gæslufangans Ólafs Hannesar.

Samkvæmt e-lið 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 1. mgr. 69. gr. reglugerðar nr. 179/1992, mega gæslufangar lesa dagblöð og bækur svo og fylgjast með útvarpi og sjónvarpi. Takmörkun á rétti þessum verður einungis studd rannsóknarnauðsynjum. Eins og meðferð málsins er nú háttað og með vísan til rannsóknargagna, hefur af hálfu rannsóknara eigi verið sýnt fram á, að rannsóknarhagsmunir réttlæti takmörkun á rétti gæslufangans Ólafs Hannesar til aðgangs að fjölmiðlum. Ber þá sérstaklega að líta til þess, að gæslufanginn Ólafur Hannes hefur nú þegar gefið skýrslu um atvik málsins fyrir dómi. Þykir því rétt að fallast á þá varakröfu gæslufangans Ólafs Hannesar Hálfðánarsonar, að fjölmiðlabanni verði aflétt í gæsluvarðhaldsvistinni.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Fyrirkomulag gæsluvarðhalds yfir Ólafi Hannesi Hálfðánarsyni skal standa óbreytt að öðru leyti en því, að fallist er á, að fjölmiðlabanni verði aflétt.